

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðabæjar um breytingar á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlagu nr. 138/2011 hefur innanríkisráðuneytið staðfest samkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðabæjar frá 30. maí 2014 um breytingar á mörkum sveitarfélaganna, samanber samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá 15. maí 2014 og samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 28. maí 2014.

Staðarmörk sveitarfélaganna færast annars vegar í vestur frá byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hrafnistu sem nemur 9.089,2 m² og er jafnframt við norðanverða bygginguna dregin bein lína í austur frá byggingunni yfir Herjólfsbraut og er stærð þess svæðis 9.836,1 m². Heildarstærð svæðisins sem flyst við breytinguna inn fyrir staðarmörk Hafnarfjarðarkaupstaðar nemur því alls 18.925,3 m².

Hins vegar færast staðarmörk sveitarfélaganna í Molduhrauni milli Vesturhrauns í Garðabæ og Skútuhrauns í Hafnarfjarðarkaupstað vestur yfir veghelgunarsvæði fyrirhugaðs Álfstanesvegar. Heildarstærð svæðisins sem flyst við breytinguna inn fyrir staðarmörk Garðabæjar nemur alls 18.933,8 m².

Við þessa breytingu á staðarmörkum sveitarfélaganna breytast eftirfarandi punktar í hnitaskrá samkvæmt landshnitakerfinu ISNET-93 eins og sýnt er á uppdrætti sem er fylgiskjal samkomulagsins:

Nr.	X-hnit	Y-hnit
2	354734.597	400768.012
3	354803.273	400830.452
4	354848.753	400845.974
5	354895.771	400900.170
6	354919.185	400898.781
7	354919.361	400901.744
8	354944.901	400900.230
9	354945.338	400907.594
10	355102.978	400898.245
11	355142.370	400957.123
14	356703.821	401043.525
15	356727.846	401032.446
16	356926.065	400841.008
17	356983.807	400732.340

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 11. júní 2014.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Hermann Sæmundsson.